

Nd.

96. Frumvarp

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirææli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara i bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga i gildi 1. júlí 1924.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta var borið fram á síðasta þingi, en var þá felt. Greinargerð þessi fylgdi frv.:

»Þær almennu ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. um einkasölu á sild, eiga að mestu einnig við um frv. þetta. En gott skipulag á sölu fiskjarins er þeim mun mikilsverðara, að fiskveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna, og mistök þar hafa stórkostlegri og háskalegri afleiðingar fyrir landsmenn, eins og reynsla undanfarinna ára hefir því miður sýnt.

Einstakar greinar frv. þykir ekki þörf að skýra«.